

REGLUR

um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga.

Heimilt er að veita aðstoð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á eftirfarandi hátt til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 127. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum:

- a. Með framlagi sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu, sbr. 2. gr.
- b. Með sérstöku framlagi til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga við sameiningu, sbr. 3. gr.
- c. Með óskertum tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum, sbr. 12. gr. laga um tekju-stofna sveitarfélaga, á því ári er sameiningin tekur gildi.
- d. Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemur þeirri skerðingu sem kann að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar, sbr. 4. gr.
- e. Með framlagi vegna kostnaðar við framkvæmd sameiningar og til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í allt að sjö ár frá sameiningu. Heildarframlag samkvæmt þessum staflíð nemur 100 m.kr. fyrir hvert sveitarfélag sem tekur þátt í sameiningunni.
- f. Með sérstöku framlagi til að rétta stöðu sveitarfélaga við sameiningu þar sem fjölgun íbúa hefur verið undir árlegri meðalfjölgun íbúa í sveitarfélögum á landsvísu, sbr. 5. gr.

Framlög skv. b-, e- og f-lið ákvæðisins skulu greidd út á 7 árum. Ekki er heimilt að veita sveitarfélagi framlag skv. b-, e- og f-lið ef sveitarfélagið er nú þegar að fá framlag á grundvelli þessara liða. Ekki er hægt að veita framlag skv. b-, e- og f-lið að nýju fyrr en ári eftir að lokagreiðsla framlags tilgreindra liða hefur farið fram.

2. gr.

Kostnaðarfamlög.

Framlög skv. a-lið 1. gr. skulu taka mið af raunkostnaði sveitarfélaga af könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu um sameiningartillöguna. Skilyrði framlags samkvæmt þessari grein er að lögð hafi verið fyrir ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs áætlun um þennan kostnað áður en stofnað er til hans.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi vegna vinnu starfsmanna sveitarfélaga við upplýsingagjöf til sameiningarnefnda eða starfsmanna þeirra.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja sér vinnureglur vegna framlaga skv. þessari grein, sem skulu vera staðfestar af ráðherra.

Framlag skv. þessari grein verður ekki greitt fyrr en fyrir liggja staðfestingar á áföllnum kostn-aði samkvæmt framangreindu. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.

3. gr.

Skuldajöfnunarframlög.

Framlög skv. b-lið 1. gr. skal ákveða á grundvelli skuldaviðmiðs í A-hluta sveitarsjóðs eins og það er skilgreint í 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, nr. 502/2012, með síðari breytingum og skal jafnframt fylgja sömu reikniaðferðum og við útreikning á skuldaviðmiði. Í því felst að draga frá leiguskuldbindingu frá ríkissjóði, lífeyrisskuldbindingar og veltufjármuni. Miða skal við ársreikning sveitarfélaga næstliðins árs fyrir gildistöku sameiningarinnar.

Framlag er reiknað út frá skuldaviðmiðinu í samræmi við eftirfarandi töflu:

| Hlutfall framlags |
|--|
| 60% framlag af skuldaviðmiði sem er yfir 100% |
| 45% framlag af skuldaviðmiði sem er yfir 50% að 100% |
| 30% framlag af skuldaviðmiði sem er yfir 25% að 50% |
| 10% framlag af skuldaviðmiði upp að 25% |

Heildarskuldajöfnunarframlag samkvæmt þessari grein getur að hámarki numið 400 m.kr. fyrir hvert sveitarfélag sem tekur þátt í sameiningu. Markmið framlagsins er að veita hinu nýja sameinaða sveitarfélagi færí að lækka skuldir í kjölfar sameiningar.

4. gr.

Framlög vegna skerðingar á tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum.

Við útreikning framlaga skv. d-lið 1. gr. skal miða við útreiknuð tekju- og útgjaldajöfnunarframlög á sameiningarári, að teknu tilliti til breytinga á vísítölu neysluverðs. Jafnframt skal framlag taka breytingum í hlutfalli við þá fjármuni sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á ári hverju til greiðslu útgjaldajöfnunarframlaga.

5. gr.

Byggðaframlög.

Byggðaframlög skv. f-lið 1. gr. skal ákveða á grundvelli íbúafjölda síðustu fimm ára fyrir sameiningu. Ef fjölgun íbúa í sveitarfélagi sem tekur þátt í sameiningu hefur á því tímabili verið undir hlutfallslegri meðalfjölgun á landsvísu er veitt framlag sem nemur 500 þ.kr. fyrir hvern íbúa sem vantar til að ná landsmeðaltali. Ef íbúum hefur fækkað á tímabilinu er veitt framlag sem nemur 1 m.kr. fyrir hvern íbúa sem vantar til að ná landsmeðaltali. Framlag samkvæmt þessari grein getur að hámarki numið 200 m.kr.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 127. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003, með síðari breytingum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 1. júlí 2020.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.